



96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar.
Haldið í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri miðvikudaginn 14. mars
2018 kl.18:00

Dagskrá

1. Setning
2. Kosning þingforseta og ritara
3. Kosning kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar og reikningar
5. Álit kjörbréfanefndar
6. Kosning starfsnefnda þingsins
7. Inntaka nýrra aðildafélaga
8. Umræður um skýrslu stjórnar
9. Ávörp gesta
10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t
fjárhagsáætlun og árgjald félaga
11. Þinghlé – nefndir starfa
12. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og
atkvæðagreiðslu
13. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu
14. Kosning stjórnar
15. Kosning á íþróttaping ÍSÍ
16. Önnur mál
17. Þinggerð - þingslit

Setning

Sólrún Halla Bjarnadóttir Sambandsstjóri setur þingið

Kosning þingforseta og ritara

Sambandsstjóri bara upp þá tillögu um að þingforsetar yrðu Rósa Marinósdóttir og Guðmundur Sigurðsson og Ástríður Guðmundsdóttir og Guðni Páll ritari þingsins.

Kosning kjörbréfanefndar

Guðrún Þórðardóttir, Kristján Gíslason og Ásgeir Ásgeirsson

Skýrsla stjórnar og reikningar

Sólrún Halla Bjarnadóttir fór yfir störf stjórnar árið 2017. Framundan er Landsmót 50+ 2020 verður haldið hér í Borgarnesi og hvatti hún félögin til að hafa æfingar fyrir þann hóp. Tveir formannafundir voru haldnir á árinu. Mikilvægt að ræða meetoo byltinguna. Búið er að gera verkferla til að bregðast við ýmsum áföllum hjá UMFÍ og ÍSÍ ef alvarleg atvik koma upp. Samstarfshópur hefur verið gerður til að skoða íþrótt og tómstundamál í Borgarbyggð í samstarfi við Borgarbyggð. Í febrúar tók Sigurður Guðmundsson við störfum Pálma sem framkvæmdarstjóri UMSB. Um leið og Sigurður er boðinn velkominn þá er Pálma þakkað fyrir sín störf. Frístund er í Borgarbyggð á vegum UMSB eins og hefur verið undafarin ár. Sumarfjör og vinnuskólinn er einnig undir stjórn Siggú Dóru á vegum UMSB. Sólrún hefur setið í stjórn 2013 og hefur ákveðið að stíga til hliðar og telur að komið sé að öðrum að njóta.

Þar sem ekki komust gestir frá ÍSÍ þá var hún beðin fyrir góðum kveðjum frá ÍSÍ.

Sigríður Bjarnadóttir fór yfir ársreikning sambandsins og hefur hann verið í jafnvægi undanfarin ár. Rekstratekjur voru 57.394.739 og þar af eru framlög 18.798.800. Hagnaður ársins var 530.173 og styrkir (setja inn þær tölur bls 1) svipaðar tölur og í fyrra.

Álit kjörbréfanefndar

Kristján Gíslason gerði grein fyrir störfum nefndar, 18 aðildarfélög eru að UMSB með 37 fulltrúa 15 aðildarfélög skiluðu inn með 34 þingfulltrúum. Farið var yfir þingmenn og talið. Umf Egill skallagrímsson, GK Húsafells, Ungmenna og Íþróttaf. Hvalfjarðarsv. Skiluðu ekki inn kjörbréfum.

Kosning starfsnefnda þingsins

Fjárhagsnefnd, íþróttanefnd og alsherjarnefnd unnið verður í eða eftir matarhlé

Inntaka nýrra aðildafélaga

Ekkert nýtt félag er einungis er um sameiningu tveggja félaga skugga og faxa í félagið Borgfirðing. Sú sameining hefur verið tekin í gildi.

Umræður um skýrslu stjórnar

Kristján Gíslason þakkar stjórninni fyrir þeirra störf og aðstoð við sameiningu hestamannafélaganna tveggja því að mörgu er að hyggja. Sérstakar þakkir fengu Pálmi og Sigurður fyrir ráðleggingar og aðstoðina. Þakkaði góða skýrslu og mikið og gott starf félaganna.

Skýrslan var borin upp til atkvæða og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Einnig voru reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum

Ávörp gesta

Jóhann Steinar Ingimundarson frá Umfí. Það vakti athygli hans að kynjahlutfall var tiltölulega jafnt á þinginu. Færir kveðjur stjórnar UMFÍ og óskaðir þinginu til hamingju með reikning stjórnar þar sem það er ekki sjálfgefið að halda honum á réttu róli. Jóhann færði Kristjáni Gíslasyni viðurkenningu fyrir sjálfböðastarf fyrir hestamannafélagið Skugga. Hann hefur sinnt ýmsum störfum félagsins og komið að uppbyggingu reiðhallarinnar í Borgarnesi. Hann er vinnufús og stuðningsmaður æskulýðs í Borgarfirði. Rósa Marinósdóttir fékk Gullmerki UMFÍ fyrir að vera burðarás í íþróttamannlífi Borgarfajarðar. Hún hefur drifið aðra áfram í starfi fyrir UMSB. Var með flest unnar vinnustundir við unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi 2016. Auður framkvæmdarstjóri UMFÍ dreifði Kynningarbæklingum um unglíngalandsmótið sem haldið verður í Þorlákshöf og Fyrir Landsmótið sem haldið verður á Sauðárkróki.

Veittar voru viðurkenningar fyrir afreksmannasjóð

Rósa Marinósdóttir, Páll Brynjarsson og Íris Grönfeld úthlutað var um 750 þúsundum úr sjóðnum í ár. Sjö umsóknir bárust og fengu allir styrk.

Arnar Smári Bjarnason 70.000

Bjarni Guðmann Jónsson 70.000

Marinó Pálmason 70.000

Sigurður Aron Þorsteinsson 70.000

Daði Freyr Guðjónsson 120.000

Bjarki Pétursson 170.000

Máni Hilmarsson 170.000

10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Tillögum frá stjórn raðað í nefndir. Þrjár nefndir taka til starfa og verður tillögum raðað í þær.

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Allsherjarnefnd tillaga 3. Tekur undir og hvetur þingið til að samþykkja. samþykkti.

Tók einnig til umræður tillögu 4 og tekur undir þessa tillögu. Hún var samþykkt.

Einnig taka undir tillögu 6.

Tillögur fyrir sambandsþing 2018 frá stjórn UMSB

1. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, sbr. þingskjal 1.

Beytt

Þingskjal 1

Ungmennasamband Borgarfjarðar Áætlun 2018

		Áætlun
	Skýr.	2018
10000 REKSTRARTEKJUR		
10099 Félagaskattur	1	1.333.800
11000 Framlög og styrkir	2	19.150.000
14000 Lottó	3	7.050.000
15000 Tekjur v/íþróttu og móta	4	0
20000 Húsa- og vallarleigutekjur	6	29.077.992
22000 Aðrar tekjur	7	40.000
2999	Rekstrartekjur alls	56.651.792
30000 REKSTRARGJÖLD		
31000 Laun og verktakagreiðslur	8	16.576.009
35000 Styrkir til aðildarfélaga	9	8.154.814
37000 Áhöld og tæki	11	200.000

40000	Þátttaka í mótum	12	0
45000	Kostnaður v/mótahalds	13	150.000
48000	Rekstur mannvirkja	14	28.794.220
53000	Rekstur skrifstofu	15	1.295.000
56000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	16	670.000
65000	Önnur gjöld	18	109.000
74999	Rekstrargjöld alls		55.949.043

75000 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða **702.749**

*Breyting: 60.000 kr er bætt við húsa/vallartekjur þær verða því 29.137.992 kr
Heildar tekjur og hagnaður fer því í 760.749 kr
Samþykkt*

2. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan féлага fyrir árið 2018.
Samþykkt
3. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 þakkar sveitarfélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
Samþykkt
4. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 þakkar Skorradalshreppi samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
Samþykkt
5. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir að setja á laggirnar nefnd eldri ungmennafélaga til að vinna að Landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið verður á sambandssvæði UMSB 2020.

Breytt tillaga

*96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir að setja á laggirnar nefnd eldri ungmennafélaga til að hvetja og efla fólk 50+ til þátttöku í íþróttastarfi vegna Landsmóts 50+ sem haldið verður á sambandssvæði UMSB 2020.
*Samþykkt**

6. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir að stofnuð verði sögunefnd sem hefur það hlutverk að safna saman sögu UMSB. 90 ára

afmælisrit var gefið út 2002 því er kominn tími á að halda áfram með söguna og safna saman síðustu árum.

Samþykkt

7. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir að stofnaður verður faghópur sem vinnur að verkferlum sem félög fylgja ef upp koma atvik sem nær til t.d. agabrota, ávana – og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát.

Greinagerð:

Aðgangur íbúa, sérstaklega barna og unglunga, að íþróttastarfi er mikilvægur þáttur í daglegu lífi hvernar fjölskyldu. Því er nauðsynlegt að öryggi allra verði tryggt í því starfi sem þar er unnið. Það er óásættanlegt að einstaklingar sem taka þátt í íþróttastarfi verði fyrir hvers konar áreitni og ofbeldi og upplifi óöryggi í tengslum við þátttöku sína. UMSB vill skapa öruggar aðstæður þátttakenda í íþróttastarfi. Því leggur stjórn til að skipaður verði faghópur sem vinnur að þessum málum og tekur við tilkynningum ef þær koma.

Hópurinn verður skipaður einum aðila frá Borgarbyggð þremur frá UMSB og einum frá Heilbrigðisstofnun vesturlands.

Breytt tillaga

96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir að stofnaður verður faghópur sem vinnur að verkferlum sem félög fylgja ef upp koma atvik sem nær til t.d. agabrota, ávana – og vímuefnanotkun, einelti, kynferðisbrot, alvarleg veikindi, áföll, slys og andlát. Einnig verði stjórn UMSB og/eða faghóp falið að samræma verkferla varðandi ráðningar og gerð ráðningarsamninga hjá þjálfurum og leiðbeinendum ungmenna sem iðka íþróttir innan vébanda UMSB.

Greinagerð:

Aðgangur íbúa, sérstaklega barna og unglunga, að íþróttastarfi er mikilvægur þáttur í daglegu lífi hvernar fjölskyldu. Því er nauðsynlegt að öryggi allra verði tryggt í því starfi sem þar er unnið. Það er óásættanlegt að einstaklingar sem taka þátt í íþróttastarfi verði fyrir hvers konar áreitni og ofbeldi og upplifi óöryggi í tengslum við þátttöku sína. UMSB vill skapa öruggar aðstæður þátttakenda í íþróttastarfi. Því leggur stjórn til að skipaður verði faghópur sem vinnur að þessum málum og tekur við tilkynningum ef þær koma.

Hópurinn verður skipaður einum aðila frá Borgarbyggð þremur frá UMSB og einum frá Heilbrigðisstofnun vesturlands.

Samþykkt

Ný tillaga

8. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 skorar á sveitastjórn Borgarbyggðar að hefja nú þegar undirbúning að byggja fjölnota íþróttahús í Borgarnesi í samstarfi við UMSB.

Samþykkt

Ný tillaga

9. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 skorar á sveitastjórn Borgarbyggðar að setja upp æfingatæki fyrir almenning á útivistarsvæðum í Borgarbyggð.

Samþykkt

Ný tillaga

10. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 beinir því til stjórnar að kanna þátttöku barna í skipulögðu íþróttastarfi og afhuga brotfall iðkenda.

Samþykkt

Ný tillaga

11. 96. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 14. mars 2018 samþykkir að beina því til stjórnar UMSB að leyta leiða, á árinu 2018, til að aukið hlutfall Lottótekna renni til grasrótarinnar/íþróttastarfsins innan Ungmennasambands Borgarfjarðar. Mikilvægt er að styðja beint við öflugt íþróttastarf, hvort sem um er að ræða einstaklings- eða hópíþróttir.

Greinargerð: Ekki er með þessu verið að leggja til beinan niðurskurð varðandi rekstur skrifstofu UMSB heldur verði leitað leiða til að ná auknum styrkjum og þar með fjármunum inn í starfið, bæði frá atvinnulífi og ekki síður í gegnum opinbera styrki, ýmsir sjóðir eru til sem vert er að UMSB kynni sér vel og leytir til að sækja í.

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Bjarki veltir fyrir sér þeirri fasteign sem UMSB á og er í útleigu hvort það hafi verið rætt að selja þá eign. Sólrún svarar að þetta hafi verið rætt en þau vita ekki hvernig samningar eru við Borgarbyggð og ætla að bíða með þessa sölu. Reikningar samþykktir.

Fjárhagsnefnd leggur til að hækka húsaleigu um 60000 í fjárhagsáætlun. Verða þá rekstrartekjur alls 56711792

Kosning stjórnar

Uppstillingarnefnd gerir tillögu að stjórn UMSB Páll Brynjarsson formaður nefndar gerir grein fyrir nefndarstörfum og voru tveir fundir haldnir:

María Júlía Sambandsstjóri, samþykkt
Guðrún Þórðardóttir vara sambandsstjóri, samþykkt
Hafdís Ósk Jónsdóttir vara varasambandsstjóri, samþykkt
Sigríður Bjarnadóttir gjaldkeri, samþykkt
Kristín Gunnarsdóttir ritari,
Anna Dís Þórarinsdóttir með stjórnandi,
Þórður Sugurðsson vara ritari
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson vara gjaldkeri, samþykkt

Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Þessi liður var ekki vegna breytinga á lögum

Önnur mál

Sigurður Guðmundsson hvatti félagsmenn að koma við á þjónustumiðstöð UMSB og leita aðstoðar ef þörf er á. Gott að koma við í kaffi þar t.d. Félag eldri borgara voru að tala um umhirðu garða hjá sér og er kjörið í fjáröflun fyrir íþróttafélög. Félagar hvattir til að láta vita ef þeir hafa áhuga á að nýta sér þessa fjáröflun. Nýir keppnisgallar eru að koma nú á næstu dögum.

Guðmundur Sigurðsson þakkar stjórninni fyrir frábæra skýrslu og einnig að þetta er ómetanlegt sögulegt rit fyrir sögu UMSB og ekki síður fyrir félögin innan UMSB.

Oddný Eva Böðvarsdóttir talaði um fjáraflanir, hætta er á að félög fari í sömu fjáröflun getur það skapað vandamál. Því er spurning hvort hægt sé að fá UMSB til að aðstoða í fjáröflunum innan félaga.

Sólrún Halla talar um gömul jólamerki sem til að á skrifstofu UMSB. Um er að ræða merki af kirkjur á sambandssvæði UMSB. Aðildarfélög geta fengið merki af sinni kirkju.

Rósu finnst óttækt að skipta út alltaf búningum svona ört. Finnst að það ætti að skipta við Henson eða einhverja sem geta haldið búningum óbreyttum.
UMSB falið að skoða aðra möguleika í búningarmálum aðildarfélaga UMSB.

Þinggerð - þingslit

Sólrún Halla þakkaði fyrir sig og sleit þinginu.